

- 113** **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um flutning þingstaðar.**
19. okt.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 6. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Leiðvallahreppi veitir stjórnarráðið hérmeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sé fluttur frá Langholti að Bakka-koti, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghalda.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

- 114** **Bréf stjórnarráðsins til sýslumanna og bæjarfógeta um lög fyrir Danmörku**
24. okt. **um rétt sjómanna við kosningar til Ríkisdagsins.**

Jafnframt því að leiða athygli yðar, herra sýslumaður, að hjálögðum lög-um fyrir Danmörku um rétt sjómanna til að taka þátt í kosningum til Fólksþingsins og til að kjósa kjörmenn til Landsþingsins, frá 13. maí 1911, skal stjórnarráðið leggja fyrir yður, að greiða fyrir atkvæðagreiðslu sjómanna þeirra, er til yðar kynnu að snúa sér í þessu efni, svo sem fram er tekið í 5. grein nefndra laga.

- 115** **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu um endurveiting**
4. nóv. **hlunninda handa sparisjóði Vestmannaeyja.**

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá forstöðunefnd sparisjóðs Vestmannaeyja, vill stjórnarráðið hérmeð veita nefndum sjóði um næstu 5 ár frá 1. marz þ. á. hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningaskil í lögum sjóðsins sé nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

- 116** **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um sveitfesti Filippiu**
4. nóv. **Þorkelsdóttur.**

Með bréfi, dags. 8. nóv. 1909, skýrði fátækraneftnd Reykjavíkurkaupstaðar sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu frá því, að fátækra stjórn kaupstaðarins hefði orðið að takast á hendur ábyrgð á legukostnaði stúlkunnar Filippíu Þorkelsdóttur á sjúkrahúsi í Reykjavík og æskti viðurkenningar hreppsnefndar Skefílaða-hrepps fyrir sveitfestinni, með því að stúlka þessi virtist samkvæmt æfiferils-